

Mikil tækifæri í fyrirtækjum í sjávarlíftækni en líka hindranir

Mörg líftækniyrirtæki í sjávarklasnum á Íslandi hafa komið fram á undanförunum árum og má ætla að nú séu á annan tug slíkra fyrirtækja starfandi hérlendis. Fjöldi þeirra hérlendis er hlutfallslega mikill í samanburði við aðrar þjóðir. Á hinn bóginn er spurningin hvort umhverfi þeirra hérlendis muni gera þeim kleift að vaxa og dafna.

Þrátt fyrir atorku frumkvöðla á þessu sviði hérlendis vantar verulega upp á að rekstrar- og fjármögnunarumhverfi þessara fyrirtækja sé eins og best verður kosið. Sum þessara fyrirtækja hafa vaxið hratt á undanförunum árum en mörg þeirra eru þó enn á brauðfótum. Í þessari greiningu Íslenska sjávarklasans verður reynt að meta stöðu og horfur þessara fyrirtækja og þau tækifæri og hindranir sem fyrirtækin standa frammi fyrir.

Sjávarlíftækni má skilgreina sem það fag þar sem frumur eða frumuhlutar úr sjávarlífverum eru notuð til þess að framkvæma efnahvörf til að framleiða nýtileg efni. Notast er við aðferðir í erfðaverkfræði, sameindaerfðafræði, ónæmisfræði, frumulíffræði, gerjunartækni, auk ferla til þess að aðskilja og hreinsa efni.

Þegar kemur að mörkuðum fyrir afurðir sjávarlíftækni er sviðið breitt, allt frá kaupendum að fóðurvörum til lyfja og alltaf eru að bætast við nýjungar sem fjölga möguleikum kaupenda. Í snyrtivörugæiranum er nú t.d. kominn undirflokkur sem nefnist virkar snyrtivörur eða „cosmeceuticals“. Þetta eru vörur sem eru einhvers staðar á bilinu milli fæðubótarefna og lyfja; efni sem rannsóknir hafa sýnt að breyta eiginleikum húðar við reglulega notkun.

Stærsti markaðurinn fyrir afurðir líftækni og sá sem

er í örustum vexti tengist heilbrigðisþjónustu. Einnig er mikill vöxtur í þeim hluta geirans sem nefndur er “marine bioactive substances”. Hér á landi starfa á annan tug fyrirtækja á sviði sjávarlíftækni. Fyrst má nefna Lýsi sem má að hluta skilgreina sem sjávarlíftækniyrirtæki. Lýsi er í fremstu röð í heiminum í þróun á fiskiolíum. Þá má nefna opinbera hlutafélagið Matis en þar er innanborðs mikil þekking á þessu sviði. Minni fyrirtæki á þessu sviði eru síðan m.a. ChemoBacter, Protis, Iceprotein, Collagen, Codland, Ankra, Marinox, Grýta, Norður, Lipid, Zymetech, Primex, Genis, Kerecis, MPF Ísland, BioPol og Akthelia.

Í greiningu Sjávarklasans árið 2011 var áætlað að hjá sjávarlíftækniyrirtækjum hérlendis störfuðu 50-70 starfsmenn hjá minni einkafyrirtækjum á þessu sviði. Nú sex árum síðar hefur fyrirtækjunum fjölgað nokkuð og einstaka fyrirtæki hafa fjölgað nokkuð eða umtalsvert starfsmönnum eins og Genis, Zymetech og Kerecis. Flest fyrirtækjanna eru þó enn smá í sniðum og lítil fjölgun hefur orðið í starfslíði þeirra.

Fyrir röskum fimm árum voru fá sjávarlíftækniyrirtæki með tilbúnar vörur fyrir innlendan og erlenda markaði. Í þessum hópi voru fyrirtækin Zymetech, Norður og Primex. Nú hafa meðal annars bæst í þennan hóp Collagen, Ankra, Genis, Iceprotein og Kerecis.

Þau “nýju” sjávarlíftækniyrirtæki sem komin eru hvað lengst í þróun og markaðssetningu erlendis og mestar væntingar eru til eru fyrirtæki á borð við Zymetech, Kerecis, Genis og Primex. Kerecis, sem notar roð til sárameðferðar, hlaut Vaxtarsprotann 2017 en fyrirtækið jók veltu sína um 100% árið 2016. Primex og Zymetech hafa starfað hvað lengst og hafa fest sig í sessi á erlendum mörkuðum.

Í samtölum við frumkvöðla er ljóst að þeir telja rekstrar- umhverfið hér heima afar erfitt. Íslenska krónan ber oft á góma í þeim samtölum en einnig veikt fjárfestaumhverfi. Þá telja sum fyrirtækjanna styrkjaumhverfið enn alltof of takmarkað. Stjórnvöld hafa einnig takmarkaða þekkingu á lækningavörum og regluverkið er óþjálmt. Þó rannsóknarhluti líftæknigeirans sé nokkuð sterkur hefur verið á það bent að þekking á sölu og markaðssetningu sé fremur takmörkuð og standi mörgum líftækniyrirtækjum fyrir þrifum.

Íslendingar hafa að sögn forsvarsmanna fyrirtækjanna verið afar móttækilegir fyrir nýjum vörum fyrirtækjanna. Einn viðmælandi orðaði það svo: “Ef þú nærð fótfestu á heimamarkaði þá eru tækifærin góð. Ef þú sannfærir ekki Íslending um að kaupa vöruna þína þá er erfitt að sannfæra útlendinga.”

Svo virðist sem þau fyrirtæki sem hafa náð að treysta stöðu sína með eigin vörumerki og einkaleyfisvernd geti komist í traustari stöðu heldur en þau fyrirtæki sem eru fyrst og fremst að vinna efni sem ekki er verulega aðgreint frá sambærilegum efnum í öðrum löndum. Þar er samkeppni hörð og erfitt að aðgreina vörur. Þetta á ugglaut við um prótein eins og kítósan, kollagen o.fl.

Stór hluti fyrirtækjanna er að hluta í eigu sjávarútvegsfyrirtækja. Þar má nefna fyrirtæki á borð við Codland, Collagen, Protis, Iceprotein og Kerecis. Það er einstakt að mörgu leiti að sjávarútvegsfyrirtæki skuli með þessu hætti taka þátt í uppbyggingu líftækniyrirtækja. Fá dæmi eru til um það í öðrum vestrænum ríkjum. Þessi þátttaka sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur reynst líftækniyrirtækjunum vel en þó er ljóst að eftir því fyrirtækin eflast þá er mikilvægt að breikka hluthafahópin og fá inn hluthafa sem hafa meiri þekkingu á líftæknigeiranum.

Stoðþjónusta við sjávarlíftækniyrirtæki hérlendis hefur á margan hátt verið góð. Sérfræðingar Matís hafa stutt mörg þeirra sjávarlíftækniyrirtækja sem starfað hafa. Í einhverjum tilfellum hafa þó fyrirtækin haft áhyggjur af því hve fyrirferðamiklar opinberar stofnanir hafa verið í að sækja styrki og keppa þannig við frumkvöðlafyrirtæki.

LOKAORÐ

Almennt er talið að efnin úr íslenskri náttúru hafi sérstöðu m.a. vegna þess að lífverur í íslenskri náttúru búa við erfið skilyrði á norðurslóðum og hafa þurft að framleiða öflug lífefni til að þola ytra álag. Ímynd landsins þegar kemur að náttúru og umhverfi er einnig fremur góð og tengist hreinleika, sjávarútvegi og náttúrfegurð, en sú ímynd getur stutt við vörur í ákveðnum afurðaflokkum eins og t.d. heilsuvörum og snyrtivörum.

Í skýrslu Sjávarklasans um stöðu sjávarlíftækninnar hérlendis, sem gefin var út árið 2011 kom fram að fulltrúar fyrirtækjanna töldu erfitt að sækja áhættufjármagn hérlendis. Enn reynist þessum fyrirtækjum erfitt að sækja áhættufjármagn. Ástæða þessa er líklega fyrst og fremst vankunnátt innlendra fjárfesta á sviði líftækni og skortur á öflugu tengslaneti þeirra utan Íslands. Fjárfestar eru eins konar bakvarðasveit fyrirtækjanna sem aðstoða við að tengja þau við aðra fjárfesta á sínu sviði, við alþjóðlegar stofnanir og markaði. Þegar þekking á þessum sviðum er jafn takmörkuð og raun ber vitni hérlendis er eðlilega þörf á að sækja meira fjárfesta erlendis frá.

Höfundar

Þór Sigfússon og Berta Daníelsdóttir